



Vegna tekjuársins 20 _____

Umsækjandi

Nafn		Kennitala	
Heimili	Sveitarfélag		Land
Sími	Tölvupóstfang	Erlend kennitala	

Maki umsækjanda

Nafn		Kennitala	
Heimili	Sveitarfélag		Land
Sími	Tölvupóstfang	Erlend kennitala	

Fylgiskjöl

- Erlent skattframtal
- Tekjuvottorð
- Erlendir álagningarseðlar
- Staðfesting á erlendu skattuppgjöri
- Staðfesting um barnabætur erlendis
- Staðfesting um vaxtabætur erlendis (eða sambærilegar bætur)

Athugasemdir

.....
Dags......
Undirskrift umsækjanda.....
Undirskrift maka

Tekjuskattur manna með takmarkaða skattskyldu sem afla meiri hluta tekna sinna hér á landi.

70. gr. a 90/2003

Þeir menn sem búsettir eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr., en fá sem nemur eigi minna en 75% heildartekna sinna á tekjuárinu frá Íslandi, eiga rétt á að vera skattlagðir líkt og þeir hefðu verið skattskyldir skv. 1. gr. allt tekjuárið, með þeim réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um opinber gjöld.

Sama rétt eiga þeir menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr., en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, hafi þeir dvalið í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda nemi tekjur þeirra frá Íslandi eigi minna en 75% heildartekna þeirra á tekjuárinu.

Heimilt er hjónum og einstaklingum í staðfestri samvist og óvígðri sambúð sem búsett eru í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að telja fram í samræmi við ákvæði 62. gr. ef annað þeirra eða bæði eiga rétt til skattlagningar skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, enda nemi tekjur frá Íslandi eigi minna en 90% samanlagðra tekna þeirra á tekjuárinu og þau séu skráð saman til heimilis við lok tekjuárs.

Sjá einnig reglugerð nr. 257/2012, um takmarkaða skattskyldu manna sem afla meiri hluta tekna sinna hér á landi.